

sjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innistæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 109 15. maí 1965 um sama efni svo og samþykktir nr. 306 21. nóvember 1969 og nr. 237 19. júlí 1974 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgír Guðjónsson.

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 á korti við skurð, (hnit, $x = 10876.30$, $y = 21520.86$), er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti og í punkt 2 suðvestur af hesthúsunum (hnit, $x = 11040.49$, $y = 21273.76$). Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 (hnit, $x = 11352.78$, $y = 21412.46$) og áfram 50 m í sömu stefnu til sjávar að hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar.
2. Gangandi og riðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.
3. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.
4. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Kjósarsýslu umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnatíðindum.

Menntamálaráðuneytið 15. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

